

Með lánsúmsóknunum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur fyrir lánsbeiðniinni, þ. á m. reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárbörf hafnarinnar.

## 17. gr.

Samkvæmt 2. tölulið 19. gr. hafnalaganna er heimilt að bæta úr Hafnabótasjóði tjon, sem leiðir af skemmdum skipa á hafnarmannvirkjum, mengun o. þ. h. og ekki fást að fullu bætt vegna ákvæða IX. kafla siglingalaganna um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

## 18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 45 24. apríl 1973, öðlast gildi þegar í stað.

*Samgönguráðuneytið, 30. desember 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

20. desember 1974.

Nr. 396.

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjöld fyrir Selfosshrepp.

## 1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

## 2. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	5%	kr. 676.00
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús) .....	3%	— 406.00
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús .....	2.5%	— 338.00
Fjölbýlishús .....	1.5%	— 203.00
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	5%	— 676.00
Opinberar byggingar .....	5%	— 676.00
Önnur hús og byggingar .....	4%	— 541.00

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálf gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrátti. Nú er ekki fyrir samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús ....	400 m <sup>3</sup> hver íbúð
Fjölbýlishús .....	300 m <sup>3</sup> — —

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

**3. gr.**

Gjöld samkvæmt 2. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

**4. gr.**

Gjalddagar gatnagerðargjalds, skv. 2. gr., skulu vera sem hér segir:  
Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

**5. gr.**

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lög taki samkv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi, sem samin hefur verið og samþykkt af hreppsnefnd Selfoss-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1974.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974:

**Óverkaður saltfiskur.**

Stórfiskur nr. 1 .....	kr. 156.70
Millifiskur nr. 1 .....	— 151.70
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	— 146.70
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	— 130.00

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

**Söltuð ufsaflök.**

15/20 .....	kr. 160.00
21/25 .....	— 155.00